

Varðar: Drög að frumvarpi til laga um stuðning við nýsköpun

Þegar sú ákvörðun var kynnt á vef Stjórnarráðs Íslands 25. febrúar s.l. að leggja ætti Nýsköpunarmiðstöð Íslands niður var engin greiningarvinna lögð fram þeirri ákvörðun til grundvallar. Í greinargerð frumvarpsins eru ýmsar forsendur tilgreindar þ.á.m. verkefni sem stofnunin hefur unnið að. Árlegur meðalkostnaður árin 2018 – 2020 var skv. gr. 2.4.2 ~ 1.425 milljónir/ári og þar af sértekjur ~ 723 milljónir/ári og framlag ríkisins því ~ 700 milljónir/ári.

Á NMI vinna í dag ~ 70 starfsmenn og meðalframlag hvers starfsmanns til rekstursins hefur því verið ~ 10 milljónir/ári.

Í tölunum liggur fyrir kostnaðarmat, en ekki mat á óeiginlegum eða óefnislegum tekjum eigandans (þjóðfélagsins), sem mætti kalla árangursmat stofnunarinnar. Viðhorf minni (t.d. sprota og atvinnulausra) og stærri (t.d. Vegagerðarinnar) aðila sem notið hafa þjónustu NMI kemur þannig ekki fram. Hluti sprota sem notið hafa stuðnings NMI hafa vaxið og dafnað t.d. Genís, Hefring ehf, DTE Equipment, Space Iceland, Nox Medical, Atmonia o.fl. og eru líklegir til eða hafa þegar skilað þjóðarþúinu tekjum, jafnvel umtalsverðum tekjum.

Í viðtali við Þorstein Inga Sigfússon heitinn fyrrverandi forstjóra NMI í Fiskifrétum 19.02.2018 segir þannig að árleg velta fyrirtækja sem hafi orðið til í samstarfi við NMI sé að jafnaði um 10 milljarðar króna og hefur að líkindum aukist síðan.

Aðstoð við atvinnulausa, sem fjölgar því miður nú á samdráttartímum í atvinnulífínu, er lofsverður þáttur starfsseminnar.

Þegar störf svo margra eru í húfi verður vönduð greiningarvinna að öllu leyti að liggja til grundvallar ákvörðun.

Andi frumvarpsins er að vöxtur, verðmætasköpun og áhugaverð störf í íslensku samfélagi í framtíðinni munu ekki síst verða að byggja á nýsköpun. Til þess að ná því markmiði þarf öfluga umgjörð og hefur NMI ásamt fleiri aðilum gegnt veigamiklu hlutverki og m.a. stutt við veikburða sprota, sem sumir hafa náð að dafna eins og áður segir. Það er mun vænlegra til árangurs á þessu sviði að byggja áfram á og auka við sérþekkingu og reynslu NMI heldur en að róa á ókunn mið. NMI væri áfram ásamt fleiri aðilum ætlað að styðja við nýsköpun út um landið, en í meiri mæli en verið hefur. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að í tiltölulega fjölmönnum kjarna er líklegra að frjóar hugmyndir fæðist, nærast og komist á flug.

Innan byggingar- og mannvirkjahluta NMI; Rannsóknastofu byggingariðnaðarins (Rb), er og hefur verið til staðar gríðar mikil þekking á steinsteypu í alþjóðlegum samanburði. Þegar alkalívirgni var helsta vandamál íslenskrar steinsteypugerðar á árunum 1960 – 1985 og kostaði þjóðarþúinu stórfé gegndi Rb með Harald Ásgeirsson forstjóra fremstan í flokki ásamt Steinsteypunefnd lykilhutverki í að finna lausn á málinu allri þjóðinni til hagsbóta.

Nauðsynlegt hefur verið að finna sérhæfðar lausnir á síðustu tveimur áratugum til þess að gera við steinsteypu annars vegar í erfiðu frost- þíðu og sjávarfallaumhverfi og hins vegar þar sem mjög mæðir á slitstyrk yfirborðs brúa. Þarna hefur afar verðmæt sérfræðiþekking starfsmanna Rb undir forystu Ólafs H. Wallevík reynst lykilorð.

Af langri reynslu af störfum á verkfræðistofu og síðar Brúadeild Vegagerðarinnar er undirrituðum ljós yfirburða sérfræðiþekking starfsmanna Rb á ofangreindum þáttum og það einnig í alþjóðlegum samanburði og sér ekki að nein verkfræðistofa né háskólarnir hafi getu né burði til að koma í þeirra stað á komandi árum.

Með því að leggja Rb niður er gríðarlega mikilvægri sérfræðiþekkingu, sem hefur verið þróuð á áratugum varpað fyrir róða og er mjög brýnt að þingmenn hugsi sig tvisvar um áður en það er gert.

Vegna sérstæðs veðurfars á Íslandi gengur ekki að flytja inn byggingavörur eða byggingalausnir, sem ganga í öðrum löndum, þ.á.m. öðrum Norðurlöndum að óathuguðu máli. Sama á við um innlendar byggingalausnir. Óháð, óhagnaðardrífín öflug rannsóknarstofnun með trúverðuleika, virk tengsl og samskipti við erlendarr systurstofnanir er lykilaðili til þess að

vernda neytendur í þessu sambandi. Álitamál er hvort Nýsköpunargarðar ehf muni verða til þess bærir að sinna þessum verkefnum.


Mygla og raki í húsum hefur verið og er algengt vandamál og verður örugglega viðvarandi um ókomin ár. Rb hefur unnið að greiningu þessara vandamála og m.a. staðið fyrir fjölmennum fundum og ráðstefna var fyrirhuguð nú í október, ef aðstæður leyfðu. Óháð, óhagnaðardrifin rannsóknarstofnun í samvinnu við verkfræðistofur og háskólasamfélag mun líkt og í flóknum vandamálum tengdum alkalívirgni fyrir ekki svo löngu reynast nauðsynleg, leiðandi miðstöð rannsókna og dreifingaraðili upplýsinga, sem varða þjóðarhag.

Við framleiðslu sements í dag losnar umtalsvert CO₂ og því hefur Rb unnið að þróun umhverfisvænni steinsteypu í samvinnu við fagaðila undanfarin ár með það að markmiði að minnka sementsmagn í „venjulegri húsasteypu“ um u.þ.b. helming. Í lengri framtíð gæti síðan komið til sögunnar ný gerð bindiefnis í steinsteypu með jarðfjölliðun sbr. grein Dr. Guðmundar Guðmundssonar í Kjarnanum 16.08.2020.

Til fróðleiks er rétt að vekja athygli á, að Vesturlandsvegur í Kollafirði var steiptur 1972 og enn er ekið á sama vegyfirborði nú 48 árum seinna. Malbikað vegyfirborð hefði líklega þurft að endurnýja á 8 – 12 ára fresti. Hvort er umhverfisvænna?

Hér að framan var minnst á sérhæfðar steinsteypulausnir til notkunar í yfirborði brúa, en þar er einmitt hugsað til langrar endingar. Í langri endingu felst minni árleg losun og umtalsverður sparnaður fyrir þjóðarbúið, en í umræðunni um losun virðist gleymast að taka endingu með í reikninginn.

Í dag er gjarnan horft til losunar frá byggingariðnaði, en hlutina verður að setja í samhengi, því á meðan við erum hægt og bitandi að flytja okkur yfir í umhverfisvænni bifreiðar og stefnum á að minnka sementsmagn í steinsteypu, þá sinnum við í litlum mæli stærstu þáttum losunar hér á landi skv. grein og súluriti Eyþórs Edwaldssonar í Kjarnanum 22.09.2020.



Mynd 2. Hlutfallsleg skipting losunar á Íslandi á ári.

Hér að framan hefur aðeins verið komið inn á örfá atriði í starfi stofnunar, sem sannarlega hefur gegnt afar veigamiklu hlutverki á sviði vísinda, tækni, þjálfunar og kennslu hér á landi. Þegar leggja á niður svo mikilvæga stofnun blasir við hætta á að tómarúm myndist, þjónusturofi fyrir fyrirtæki og stofnanir, spekileka, fágæt þekking og reynsla tapist, verðmæt tengsl inn á við og út á við fari í súginn o.s.frv. Það er því afar brýnt eins og áður segir, að þingmenn íhugi stöðuna sem upp er komin gaumgæfilega.

Gylfi Sigurðsson
Byggingaverkfræðingur